

MYNL3BM05

Eldra heiti: MYN2636

Áfanginn er framhaldsáfangi í myndlist á 3ja þrepi.

Undanfari er MYNL2AT05

Stutt lýsing áfangans og markmið: Markmið áfangans er að mála og skoða hvernig er hægt að tjá sig með akrýllitum á ólíkan hátt. Markmið áfangans er líka að auka menningarläsi og menningarupplifun. Nemendur upplifa og tjá sig í vinnubókina.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Litahringur, blöndun lita, tónar, pensilstrokur, áferð, litanotkun, litasamsetningar, ljós og skuggar, ólíkir stílar, forgrunnur, miðgrunnur og bakgrunnur, myndbygging. Mála í 3 vídd, mála frjálst, vera með hugmyndir, gera prufur og skissur og síðan endanleg málverk.

Heimavinna í vinnubók; sjálfstæðar ferðir á listasöfn, kynna sér listastefnur, listamenn og menningu og fullt af sjálfstæðri vinnu nemenda.

Námsmat: Vinna vetrarins, hugmyndavinna, verkefni eru metin til einkunnar. Vægi hvers þáttar fer eftir þeim tíma sem settur hefur verið í hvern þátt, og er borinn undir nemendur í lokin. Nemendur skila inn skissubók nokkrum sinnum á önn og fá endurgjöf.
